



Stýrihópur göngu- og hjólastíga

Fundargerð.

2. fundur Stýrihóps göngu- og hjólastíga Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnsýsluhúsinu Borg, þriðjudaginn 4. mars 2025 kl. 16.⁰⁰ e.h.

Fundinn sátu:

Björn Kristinn Pálmarsson

Anna María Daníelsdóttir

Steinar Sigurjónsson

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Óttar Guðlaugsson

1. Mál – Anna og Björn kynna núverandi gönguleiðir í sveitarfélaginu

Bókun: Hópurinn telur mikilvægt endurskoða núverandi upplýsingar sem til eru á heimasíðu sveitarfélagsins og uppfæra það sem þörfin er og gera aðgengilegra. Horfa í gönguleiðir innansveitar og gera aðgengilegra fyrir fjölskyldufólk. Lagt er til að skilgreina erfiðleikastig og einblína á þær leiðir sem eru léttar og miðlungserfiðar.

Hópurinn leggur til að hafa samband við landeigendur og umsjónaraðila opinna svæða varðandi upplýsingar um gönguleiðir.

2. Mál – Tillögur nefndarmanna frá minnisblaði Ragnars og Guðrúnar Ásu.

Stýrihópurinn samþykkir að leggja göngu- og hjólastíg frá Borg í Grímsnesi til Þrastarlundar í fimm áföngum, með framkvæmdaráætlun yfir 10 ár:

1. **Áfangi 1:** Borg – Búrfellsvegur
2. **Áfangi 2:** Búrfellsvegur – Kerið
3. **Áfangi 3:** Kerið – Öndverðarnes
4. **Áfangi 4:** Öndverðarnes – Þrastarlundur
5. **Áfangi 5:** Þingvallavegur

Rökstuðningur ákvörðunar:

- **Tenging lykilstaða:** Leiðin tengir saman mikilvæga þjónustustaði sveitarfélagsins, þar á meðal íbúabyggð, frístundarbyggð, ferðamannastaði og svæði með verslun og veitingaaðstöðu.
- **Aukið umferðaröryggi:** Stígurinn er lagður meðfram umferðarþyngstu leiðum sveitarfélagsins, þar sem hættu er mest fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur. Með þessu er stuðlað að fækkun slysa og bættu öryggi allra vegfarenda.
- **Hagkvæm lausn:** Þessi leið er hagkvæmasta útfærslan miðað við áætlaðan fjölda notenda, þar sem hún nýtist bæði íbúum og ferðamönnum.
- **Samræmi við stefnu sveitarfélagsins:** Ákvörðunin fellur að stefnu sveitarfélagsins um vistvænar samgöngur og styður við lýðheilsu-, umhverfis- og samgönguáætlanir þess.



Stýrihópur göngu- og hjólastíga

Önnur leiðarvöl, sem voru til skoðunar, höfðu ýmist of litla umferð, minni eftirspurn eða meiri framkvæmdaáskoranir og voru því metin síður hentug til útfærslu. Til að vinna verkefnið áfram þarf sveitarfélagið að skoða breytingu á aðalskipulagi og deiliskipulagi

Ekki fleira tekið fyrir og fundið slitið kl. 17:24